



**Oslo Bock®**

QUALITY FOR LIFE

START SERIEN



## Notendaleiðbeiningar

Trönuhrauni 8

220 Hafnarfjörður

Sími 565 2885 / Fax 565 1423

stod@stod.is / www.stod.is

## Að opna hjólastólinn

Til að gera stólinn tilbúinn til notkunar þarf einungis örfá einföld handtök.

1. Setjið hjólin á. Þrýstið takkanum í nafinu inni á meðan drifhjólunum er rennt upp á öxulinn (mynd 1). Þegar hjólin eru sett á skal passa vel að þau sitji rétt.

2. Standið aftan við stólinn og hallið honum að ykkur, þrýstið sætisrammanum niður með flötum lófum. Sætisramminn verður að hvíla alveg á grindinni (mynd 2)

3. Lagið bakkúkin (mynd 3).

Setjið sessuna á.

4. Setjið fótafjalirnar í festingarnar (mynd 4) og fellið síðan niður fótaplöturnar.



## Að leggja saman hjólastólinn

Fótplötur settar upp og sessan tekin af (mynd 3 og 4)

Takið fremst og aftast í miðhluta setdúksins og togið upp á við, stóllinn dregst nú saman (mynd 5).

Festið stólinn í þessari stöðu með því að smella saman lásbandinu (mynd 6).



Til að minna umfang stólsins enn frekar, t.d. til að pakka honum í lítið farangursrými, er hægt að snúa fótahvílunum til hliðar.

Auðvelt er að taka fótahvílurnar alveg af.

Til að snúa eða fjarlægja fótahvílurnar er handfangið (mynd 7) togað aftur og þá er hægt að snúa fótahvílunum inn eða út um 90° (mynd 8) eða taka þær alveg úr.

Minka má umfangið enn frekar með því að taka drifhjólin af.



## Veltivörn

Veltivörnin kemur í veg fyrir að stóllinn velti afturyfir sig. Það er auðvelt að stilla lengdina (ræðst af sethæð og setvinkli) án þess að nota verkfæri (mynd 17). Mælt er eindregið með að veltivörn sé alltaf notuð.




## Hreyfanleg veltivörn

Hreyfanleg veltivörn gerir notendum mögulegt að komast yfir venjulega gangstéttarkanta og aðrar ójöfnur án utanað komandi hjálpar. Þessi vörn tryggir að stóllinn velti ekki afturyfir sig og sveiflast síðan sjálfkrafa til baka (mynd 18).

Til að komast upp tröppur þarf aðstoð til að snúa hreyfanlegu veltivörninni upp svo hægt sé að halla stólnum. Í þessari stöðu virkar veltivörnin ekki.

Hægt er að stilla lengdina á veltivörninni með því að losa skrúfur A og B og renna ásnum til. Hæðin er still með því að færa skrúfu B milli efri og neðri raufanna.

Alltaf skal stilla veltivörnina þannig að ytri armur hennar nái út fyrir ystu brún á dekki drifhjóla (mynd 18 C).







## Lausar hliðarhlífar með örmum

Hliðarhlífarnar er hægt að fjarlægja áður en sest er í, eða farið úr stólnum (mynd 21, A). Einnig er hægt að stilla hæð stólarmanna.

## Fastar hliðarhlífar með örmum

Til að leggja niður hlífarnar þarf að þrýsta á láshandfangið sem er innan við hliðarrörið (myndir 21A/B/C, staða A).



## Hæð stólarma

### Stillanlegir armar

Til að stilla hæðina á stólörmunum er þrýst á láshnappinn og armurinn færður upp eða niður í óskaða stöðu (mynd 53).

### Standard armar

Hæð stólarmanna er stillt með því að færa millilegg (mynd 54). Þrjár stillimöguleikar eru á þessari útfærslu.

1. engin hækkun (bæði millilegin undir boganum).
2. lítil hækkun (annað millilegið fært milli boga og arms).
3. hæsta staða (bæði millilegin milli boga og arms).

### Lausir armar

Til að stilla hæðina þarf að lyfta fatahlífinni (mynd 56).

Ýtið á láshnappinn með penna, skrúfjárnri eða því um líku og stillið hæðina.

Setjið fatahlífina aftur í rétta stöðu.



## Öryggisbelti

Mittisbelti sem kemur í veg fyrir að notandinn renni úr sætinu og heldur honum vel í réttum setstellingum (mynd 27).



## Stillanlegar fótafjalir

Hægt er að breyta stillingum fótafjala þannig að notandinn getur auðveldlega valið þá stöðu sem hentar honum best hverju sinni (mynd 28). Til að stilla vinkilinn er handfanginu (mynd 52) snúið þar til það stoppar, setjið fótafjölinu í óskaða stöðu og snúið handfanginu varlega til baka. Fótafjölin festist sjálfkrafa í réttri stöðu.



## Stilla vinkel fótafjala

Losið skráfurnar (mynd 49, staða A) og þá er hægt að setja fótafjalirnar í óskaða stöðu. Herðið skráfurnar vel að nýju.



## Hækjuhaldari með riflás

Hækjuhaldarinn gerir það mögulegt að taka hækjur eða staf með á hjólastólinn (mynd 20).



## Hæðarstillingar handfanga

Losið upp á klemmufestingunni (mynd 29) og stillið handföngin í rétta hæð fyrir þann sem ýtir stólnum.  
Herðið klemmurnar vel að nýju.

